

Ed.

597. Nefndarálit

[209. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 80 15. ágúst 1966, um Kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Svo sem fram kemur af athugasemdum með frumvarpi þessu, nam byggingarkostnaður Kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn í árslok 1967 um 210 millj. kr., eða 4.4 millj. Bandaríkjadollara miðað við það gengi, sem var á byggingartímanum. Við verksmiðjuna vinna nú um 30 manns. Rekstrarafkoman varð mun lakari á árinu 1968 en vonir stóðu til, og varð hallinn á því ári 33.6 millj. kr.

Samkvæmt upplýsingum, sem nefndin hefur fengið, er meginástæða óhagstæðrar rekstrarafkomu talin sú, að framleiðslan á árinu 1968 varð til muna minni en ráðgert hafði verið eða aðeins 2500 lestir, en eins og kunnugt er, var votvinnslukerfið gert fyrir 12 þús. lesta ársafköst.

Ýmsir byrjunarörðugleikar eiga þarna nokkurn hlut að, en megingallinn hefur komið fram á votvinnslukerfinu. Um það segir í athugasemdum, að sýnt þyki, að afkastageta þess muni reynast minni en aðilar höfðu ætlað til. „Má rekja það til þurrkara verksmiðjunnar, sem ekki eru eins öflugir og við var búizt, og einnig hafa að jafnaði orðið í þeim nokkur efnistöp við útgufun. Virðist hönnun þurrkaranna ekki hafa verið í samræmi við þær forsendur, sem áætlanir aðilanna voru byggðar á“.

Þessa hönnun, sem svo illa hefur tekizt, framkvæmdi fyrirtækið KAISER í Kanada, en samkvæmt þeim upplýsingum, sem nefndinni voru gefnar, telja ráðamenn verksmiðjunnar, að engar bætur muni fást vegna þeirra mistaka, sem þarna hafa orðið.

Ráðið til að koma rekstri fyrirtækisins á réttan kjöl telja stjórnendur þess vera að auka votvinnslukerfi verksmiðjunnar. Er í því skyni fyrirhugað að leggja nýja hráefnisleiðslu frá Mývatni við hlið þeirrar, sem fyrir er, og auka afl dælustöðvar. Byggðar skulu tvær nýjar hráefnisþrær við verksmiðjuna og ný skilvinda, mun stærri en sú, sem fyrir er. Bætt verður við a. m. k. tveim nýjum þurrkurum, öflugri og sterkari en þeim, sem fyrir eru, auk þess sem vörugeymslur verksmiðjunnar verða stækkaðar.

Áætlaður kostnaður þessara framkvæmda er um 200 millj. kr., en auk þess er talið, að afla þurfi um 100 millj. kr. til þess að standa undir rekstrarhalla, bæði

þeim, sem þegar er orðinn, og eins hinum, sem fyrirsjáanlegur er fyrstu árin eftir stækkunina.

Er í þessu skyni ætlað að auka hlutafé fyrirtækisins um allt að 300 millj. kr. Sameignaraðilinn, Johns-Manville Corporation í Bandaríkjunum, mun þegar hafa lofað hlutafjárukningu af sinni hálfu.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, fjallar um heimild handa ríkisstjórninni til að leggja fram allt að 150 millj. kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í Kísilgúrverksmiðjunni við Mývatn til viðbótar því, sem þegar hefur verið lagt fram. Er ríkisstjórninni jafnframt ætluð heimild til að taka lán í þessu skyni.

Við undirritaðir, sem skipum minni hluta iðnaðarnefndar, teljum, að með framleiðslu kísilgúrs við Mývatn hafi verið brotið upp á merku nýmæli í íslenskum iðnrekstri og þrátt fyrir ýmis vonbrigði hafi þó ótvírætt komið í ljós, að framleiðslan sé með því bezta, sem þekkist í heiminum.

Við viljum ekki leggjast gegn því, að nauðsynlegar ráðstafanir verði gerðar til þess að tryggja verksmiðjunni starfsgrundvöll, og munum því greiða frumvarpinu atkvæði, en leyfum okkur jafnframt að benda á eftirtalin atriði:

1. Við teljum, að með jafnmiklu fjármagni og hér hefur verið lagt fram af hálfu ríkisins hefði mátt búa þannig að ýmsum alinnlendum fyrirtækjum, að þau skilðu verulegum arði. Nýjar iðngreinar eru vissulega góðra gjalda verðar, en hinar eldri atvinnugreinar mega ekki heldur alveg gleymast.
2. Þrátt fyrir þessa miklu fjármagnsaukningu fjölgar starfsfólki verksmiðjunnar aðeins um 12 manns.

Atvinnumálanefnd ríkisins hefur 300 millj. kr. til að útrýma öllu atvinnuleysi í landinu.

3. Umboðslaun Johns-Manville Corporation af sölu framleiðslunnar eru stíghækkandi eftir magni og geta komið upp í 31%. Það teljum við allt of hátt og ástæðu til að endurskoða sölusamninginn, um leið og hlutafjárukningin fer fram.
 4. Við teljum mikilvægt, að sem stærstur hluti hins fyrirhugaða verks verði unninn hér innanlands, en samkvæmt áætluninni verður aðeins $\frac{1}{3}$ hluti af efni og vinnu innlendur kostnaður. Ráðgert er, að hinir stóru þurrkarar verði t. d. að öllu leyti gerðir erlendis, enda þótt innlend fyrirtæki muni auðveldlega geta smíðað þá. Telur minni hl. n. sjálfsagt, að slíkt verk verði boðið út og íslenskum fyrirtækjum gefinn kostur á að gera tilboð. Þá er og upplýst, að hönnun mannvirkjanna og verkfræðilegt eftirlit með byggingu þeirra verði í höndum erlendra manna. Fáum við ekki séð, að til þess beri neina nauðsyn. Við teljum, að framvegis beri að gera meira að því en hingað til að nota innlent vinnuafli og þekkingu við slíkar framkvæmdir.
 5. Við leggjum ríka áherzlu á, að ekki verði unnin spjöll á hinu sérstæða náttúru-lífi við Mývatn með byggingu umræddra mannvirkja.
- Nánar í framsögu.

Alþingi, 29. apríl 1969.

Einar Ágústsson,
frsm.

Björn Fr. Björnsson.

Gils Guðmundsson.